

10. mars 2016

## Landsframleiðslan 2015

### *Gross Domestic Product 2015*

#### *Samantekt*

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,0% á árinu 2015 og er nú 5,0% meiri en hún var árið 2008. Neysla og fjárfesting drógu hagvöxtinn áfram en þjóðar-útgjöld jukust um 6,3%.

Einkaneysla jókst um 4,8%, samneysla um 1,1% og fjárfesting jókst um 18,6%. Útflutningur jókst um 8,2% á sama tíma og innflutningur jókst um 13,5% og dró utanríkisverslun úr hagvexti þrátt fyrir 155 milljarða króna afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári.

Fjárfesting jókst um 18,6% á síðasta ári, sem er enn meiri vöxtur en árið 2014 þegar aukningin nam 16,0%. Mikil aukning var í fjárfestingu atvinnuveganna, eða 29,5% en íbúðafjárfestingin dróst saman um 3,1% og fjárfesting hins opinbera um 1,1%.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum minnkaði um 14 milljarða króna árið 2015, samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka. Það ásamt 155,1 milljarðs afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum leiddi til jákvæðs viðskiptajafnaðar sem nam tæpum 135 milljörðum króna án rekstrarframlaga, eða 6,1% af landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var viðskiptajöfnuður jákvæður um tæpa 90 milljarða árið 2014.

Viðskiptakjaraáhrif, sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, voru jákvæð um 3,9% á árinu 2015. Það ásamt jákvæðum viðskiptajöfnuði varð til þess að þjóðartekjur jukust meira en nam vexti landsframleiðslu eða um 8,7% samanborið við 3,4% aukningu árið áður.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu var 50,1% á liðnu ári sem er lægsta hlutfall síðan mælingar hófust árið 1945. Þetta hlutfall hefur verið mjög lágt frá árinu 2008.

Hluttur samneyslu í landsframleiðslu var 23,7% sem er svipað hlutfall og verið hefur undanfarinn áratug en til samanburðar var það um eða undir 20% á árabílinu 1980–1990.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu var 19,1% á liðnu ári og hefur þetta hlutfall verið í sögulegu lágmarki í sjö ár eða að meðaltali 16,1%. Til samanburðar var meðalhlutfall fjárfestingar 22,5% af landsframleiðslu á tímabilinu 1980–2007.

Sjöunda árið í röð er afgangur af viðskiptum Íslands við útlönd. Afgangur vöru- og þjónustuviðskipta nam 7,0% af landsframleiðslu á liðnu ári og 6,2% á árinu 2014. Á árunum 1998–2008 var viðskiptahalli að árinu 2002 undanskildu og framlag til landsframleiðslu því neikvætt þau ár.



Hagvöxtur 4,0% á árinu 2015,  
2,0% árið 2014


Hagstofan birtir nú fyrstu áætlun um þjóðhagsreikninga árið 2015. Samkvæmt henni nam landsframleiðsla ársins 2015 2.205 milljörðum króna en það er tæpum 202 milljörðum eða 10,1% hærra fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 4,0% samanborið við 2,0% vöxt árið áður. Landsframleiðsla á liðnu ári er nú 5,0% meiri en var árið 2008.

Landsframleiðsla á mann að raungildi jókst um 2,8% árið 2015 að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar, sem nam 1,1%. Á mann er raungildi landsframleiðslunnar 0,2% herra en það var árið 2007, herra en áður hefur þekkt.

Niðurstöður árána 2012–2014 hafa einnig verið endurskoðaðar frá því í september 2015. Við það jókst hagvöxtur ársins 2014 úr 1,8% í 2,0% og ársins 2013 úr 3,9% í 4,4%. Þar munar mestu um endurskoðun á fjárfestingu atvinnuveganna sem reyndist meiri en áður var talið.

### Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

Einkaneysla jókst um 4,8%

Einkaneysla jókst um 4,8% á árinu 2015 sem er meiri vöxtur en síðustu ár en árið 2014 jókst hún um 3,0% og um 1,0% árið 2013. Að raungildi var einkaneysla á síðastliðnu ári hærra en áður hefur mælst, að árinu 2007 undanskildu. Einkaneysla á mann er þó enn 6% lægri en hún var að meðaltali árin 2005–2008.


Á árinu 2015 var einkaneysla 79% meiri að raungildi en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla ríflega tvöfaldast og mannfjöldinn aukist um 30%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 38% en landsframleiðsla um 55% á þessu tímabili.

Einkaneysla um helmingur  
af landsframleiðslu

Árið 2015 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 50,1% sem er lægsta hlutfall frá því að mælingar hófust árið 1945. Þetta hlutfall hefur verið mjög lágt frá árinu 2008 eða að meðaltali 51,9% samanborið við 58,4% á tímabilinu 1980 til 2007.

## Mynd 2. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 2. Private final consumption and GDP, volume indices



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

Samneysla  
jókst um 1,1%

Samneysla jókst um 1,1% að raungildi á liðnu ári en hún jókst um 1,7% árið 2014 og um 1,0% árið 2013. Þetta er hægur vöxtur og til samanburðar má benda á að árin 2000–2008 var vöxtur samneyslunnar að meðaltali 4,0% á ári.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 23,6% á liðnu ári sem er heldur lægra en síðustu ár en fremur hátt í sögulegu samhengi.

Bráðabirgðauppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2015, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2015, bráðabirgðauppgjör*, hinn 15. mars næstkomandi.


Myndarlegur vöxtur fjárfestingar

Fjárfesting jókst um 18,6% á síðasta ári en árið 2014 jókst hún um 16,0%. Á árunum 2007–2010 dróst hún mikið saman og nam samdrátturinn 47,8% árið 2009 og 8,6% árið 2010. Fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, nam 19,1% á árinu 2015 og hefur þetta hlutfall verið í sögulegu lágmarki síðustu sjö ár en var að meðaltali 21,3% árin 1980–2015. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD ríkin í heild hefur verið mun stöðugra, rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Mikill vöxtur er í fjárfestingu atvinnuveganna, eða 29,5% árið 2015 samanborðið við 17,3% vöxt árið 2014 en á árinu 2013 dróst hún saman um 2,1%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 3,1% í fyrra, samanborðið við 14,8% aukningu árið 2014. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 1,1% á liðnu ári en jókst um 12,5% árið 2014.

### Mynd 3. Magnvísitala fjárfestingar og helstu undirliða

Figure 3. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Árið 2015 eru áhrifin af þessu þau að atvinnuvegafjárfesting að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst um 23,9% og fjárfesting alls um 14,6%.

Þjódarútgjöld jukust um 6,3%

Þjódarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 6,3% að raungildi á liðnu ári og er það mesti vöxtur frá árinu 2006. Árið 2014 nam aukningin 5,3% og 0,7% árið 2013.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Heildarútflutningur jókst um 8,2% árið 2015. Þar af jókst vöruútflutningur um 3,2% og útflutningur á þjónustu um 13,7%. Á sama tíma jókst innflutningur um 13,5%, þar af á vörum um 18,7% og á þjónustu um 5,2%. Þó að innflutningur hafi aukist nokkuð umfram útflutning varð verulegur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2015, eða 155,2 milljarðar króna, samanborið við 124,3 milljarða króna árið áður á verðlagi hvors árs.

Undanfarin sex ár hefur útflutningur vöru og þjónustu verið afar mikill, mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Útflutningur hefur verið vel yfir 50% síðustu fimm ár og var 53,3% árið 2015. Þetta eru hærri hlutföll en sést hafa frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945 og má meðal annars rekja til aukinna þjónustutekna í tengslum við fjölgun ferðamanna til Íslands.

Aukning innflutnings hefur ekki mælst meiri milli ára frá árinu 2006 og eykst vöruinnflutningurinn um 18,7%. Hlutfall innflutnings af landsframleiðslu er einnig sögulega hátt, var 46,3% árið 2015 en það fór hæst í 51,0% árið 2012.

#### Mynd 4. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 4. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.


Þjóðarútgjöld jukust umfram landsframleiðslu

Meiri aukning innflutnings en útflutnings að raungildi olli því að landsframleiðsla jókst nokkuð minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða 4,0% samanborið við 6,3% aukningu þjóðarútgjalda. Árið 2014 jukust þjóðarútgjöldin um 5,3% en landsframleiðslan um 2,0%. Á árinu 2013 var þessu öfugt farið en þá jukust þjóðarútgjöldin aðeins um 0,7% en landsframleiðslan um 4,4%.

Undanfarin fimm ár hefur landsframleiðslan að raungildi vaxið um 14% en þjóðarútgjöldin um 19%. Frá árinu 1990 hafa þjóðarútgjöldin aukist um 82% en verg landsframleiðsla um 101%.

#### Mynd 5. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 5. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

Meiri vöxtur þjóðartekna


Við mat á afkomu þjóðarbúsins er oft litið til þjóðartekna þar sem tillit er tekið til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og launa- og fjár-eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur).

Viðskiptakjaraáhrif, sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, voru jákvæð um 3,9% og um 1,9% árið 2014. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði á árinu 2015 um 1,9% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði um 4,5% sem skýrir þessi hagstæðu áhrif. Á sama tíma lækkaði meðalverð á erlendum gjaldeyri um 4,5%, þ.e. krónan styrktist en einnig kemur til verðlækkun á mikilvægum innflutningsvörum, t.d. á olíu.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum minnkaði um 14 milljarða króna á síðasta ári. Þjódartekjur jukust því meira en sem nam vexti landsframleiðslu eða um 8,7% samanborið við 4,2% vöxt landsframleiðslu. Þjódartekjur á liðnu ári voru að raungildi meiri en þær hafa verið áður, 8,0% hærri en árið 2007. Frá árinu 2009 hafa þær að raungildi aukist um 37,9%.

### Mynd 6. Magnvísitala landsframleiðslu og þjódartekna

Figure 6. GDP and GNI, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

Minni halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum á síðasta ári, samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands, og mikill afgangur í þjónustuviðskiptunum, eða 190,6 milljarðar, leiða til myndarlegs afgangar viðskipta við útlönd (án rekstrarframlaga). Viðskiptajöfnuðurinn var jákvæður um 134,8 milljarða eða 6,1% af landsframleiðslu, þrátt fyrir 35,5 milljarða neikvæðan vöruskiptajöfnuð. Afgangur á viðskiptajöfnuði hefur aldrei verið meiri en þrjú síðustu ár, frá því gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945, en 2013 nam hann 6,6% af landsframleiðslu og 4,5% árið 2014.


#### Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Landsframleiðslan hér að ofan ermæld út frá ráðstöfun, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðslu er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 í töfluviðauka eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2011–2015 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu atvinnugreinaskiptingu.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2013, bráðabirgðatölum fyrir árið 2014 og áætlun fyrir árið 2015.

### Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu (tekjuvirði)

Figure 7. The share of labour and capital in GDP (factor cost)




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

#### Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðsla í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bítum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2015 er talið að í hlut launþega hafi komið um 60,9% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bítum um 39,1%. Launahlutfall á árinu 2015 var nær óbreytt frá árinu 2014, þegar það var 61,5%. Launafjárhæð á árinu 2015 er áætluð með hliðsjón af tiltækum gögnum um launabreytingar milli 2014 og 2015 en launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2014.

### Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2014 og 2015. Preliminary data 2014 and 2015.

#### Hagvöxtur í OECD-ríkjum árið 2015

OECD hefur áætlað að á liðnu ári hafi landsframleiðsla í ríkjum OECD í heild aukist um 2,0% sem er töluvert minni vöxtur en hér á landi. Á árinu 2014 var vöxturinn hins vegar áþekkur en þá jókst landsframleiðsla OECD-ríkjanna um 1,9% samanborið við 2,0% vöxt hér á landi.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratug síðustu aldar var hagvöxtur hér á landi mun minni en í OECD-ríkjum í heild. Ef litið er yfir allt tímabilið 1990–2015 reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,7% en 2,1% í OECD-ríkjunum í heild.

*Breytingar eldri talna*

Niðurstöður þjóðhagsreikninga vegna fyrri ára hafa breyst lítillega frá síðustu birtingu. Fjárfesting árána 2013 og 2014 var endurskoðuð og hækkaði við það um 9,3 milljarða árið 2013 og 13,8 milljarða árið 2014. Ástæður þessa eru aðallega ýtarlegri gögn um fjárfestingu atvinnuveganna. Endurskoðun annarra liða var smávægileg, aðallega vegna óbeint mældrar fjármálaþjónustu. Vegna þessara breytinga jókst hagvöxtur ársins 2014 úr 1,8% í 2,0% og ársins 2013 úr 3,9% í 4,4%.

Þá voru gerðar breytingar og tilfærslur milli liða og atvinnugreina í framleiðsluuppgjöri árin 2012–2013, mest í heildverslun og í fjármálaþjónustu. Vegna afstemmingar við ráðstöfunaruppgjörið getur breyting á einni atvinnugrein í framleiðsluuppgjörinu leitt til smávægilegra breytinga á öðrum atvinnugreinum.

Almenna reglan við endurskoðun þjóðhagsreikninga er að við útgáfu árstalna, í mars og september eru niðurstöður þriggja ára opnar til endurskoðunar. Eldri niðurstöður teljast endanlegar, en þó geta tímaraðir lengra aftur í tímann verið endurskoðaðar ef nauðsynlegt reynist og slík endurskoðun hefur verið tilkynnt fyrirfram. Endurskoðun á eldri niðurstöðum mun eiga sér stað í september næstkomandi, meðal annars vegna endurbóta á útreikningi einkaneyslu sem nú stendur yfir og í framleiðsluuppgjöri. Þá er unnið að endurskoðun á tölum vegna þjónustuinnflutnings og er fyrirsjáanlegt að sú endurskoðun mun einnig hafa áhrif á einkaneyslu.

*Ýtarlegra talnaefni á netinu*

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ýtarlegs talnaefnis á vef Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.



## English summary

*4.0% growth in GDP in 2015,  
2.0% in 2014*

The preliminary annual national accounts for 2015 show a 4% increase in Gross Domestic Product (GDP) in real terms. In 2014, GDP increased by 2% and by 4.4% in 2013. The economic growth in 2015 is mainly driven by a large increase in the gross domestic final expenditure which increased by 6.3%, the largest increase since 2006. Despite a large foreign trade surplus in 2015, a higher growth in imports compared to that of exports contributed to a decreased growth in GDP.

Household final consumption increased by 4.8% and government final consumption by 1.1% while gross fixed capital formation increased by 18.6%. At the same time, exports grew by 8.2% and imports increased by 13.5%. This resulted in a 155 billion ISK surplus in the balance of trade in goods and services in 2015 compared to 124 billion ISK in 2014.

*8.7% increase in GNI in 2015,  
3.4% increase in 2014*

The increased surplus in the balance of trade in 2015 and 14 billion ISK lower deficit in primary income from abroad, according to preliminary figures from the Central bank of Iceland, results in a large current account surplus, or 135 billion ISK or 6.1% of GDP, compared to current account surplus of 90 billion ISK or 4.5% of GDP in 2014.

During 2015 the terms of trade improved by 3.9% of GDP of the previous year having a similar impact on Gross National Income (GNI). This development and the positive current account balance led to 8.7% growth in GNI compared to 3.4% growth in 2014.

*Household final consumption  
50.1% of GDP*

In 2015 the share of household final consumption of GDP was 50.1%, the lowest share since 1945. Since 2008 this share has been falling, or 51.9% on average compared to an average share of 58.4% in the time period 1980-2007. Government final consumption amounted to 23.6% of GDP, a somewhat lower share than the previous years. Preliminary results for the General Government finances for 2015 will be published in Statistical Series on 15th March 2016.

The share of gross fixed capital formation (GFCF) was 19.1% of GDP in 2015, slowly approaching its contribution in the previous years. The average share for the period 1980-2015 was 21.3% of GDP. A comparable results for the OECD total has been around 20% during the last quarter of a century. In real terms, gross fixed capital formation in 2015 is still almost 30% lower than 2005.

*Revisions of previous  
year's data*

Some revisions have been made in the national accounts of previous years, 2012–2014 mainly due to better source data available for compilation of the GFCF. Smaller revisions made in other items are mainly due to revision of FISIM. The effect on the economic growth from these revisions is upward, from 0.2% in 2014 and 0.5% in year 2013.

For the production approach, revisions have been made for the years 2012-2014 where revisions in the wholesale industry and in financial services count for the largest part.

The Private Final Consumption Expenditure is under revision and improvements are underway in compilation of the production approach. In September 2016 Statistics Iceland aims at major revision of some backward time series because of this development work.

**Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2010–2015**

Table 1. Gross Domestic Product and Gross National Income 2010–2015

Milljónir króna á verðlagi hvers árs						
<i>Million ISK, current prices</i>	2010	2011	2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2015 <sup>1</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	828.973	879.710	948.382	987.859	1.046.641	1.105.770
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	399.381	420.425	436.303	459.221	484.850	520.143
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	226.755	261.613	284.506	296.846	345.759	420.898
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	-2.231	3.357	1.800	-4.953	2.045	3.489
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>1.452.878</b>	<b>1.565.104</b>	<b>1.670.991</b>	<b>1.738.973</b>	<b>1.879.296</b>	<b>2.050.300</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	869.551	962.536	1.013.269	1.047.616	1.067.242	1.176.618
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	502.089	562.698	576.340	561.036	568.316	614.151
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	367.462	399.838	436.929	486.580	498.927	562.467
7. Frádráttur: Innflutningur alls						
<i>Less: Imports of goods and services</i>	704.328	827.133	907.060	897.453	942.900	1.021.439
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	438.225	526.252	564.308	553.211	578.616	649.659
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	266.103	300.881	342.751	344.242	364.284	371.780
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>1.618.101</b>	<b>1.700.507</b>	<b>1.777.200</b>	<b>1.889.136</b>	<b>2.003.638</b>	<b>2.205.479</b>
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó						
<i>Primary incomes received from abroad, net</i>	-260.898	-211.856	-166.638	-25.459	-34.440	-20.403
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>1.357.203</b>	<b>1.488.651</b>	<b>1.610.562</b>	<b>1.863.677</b>	<b>1.969.198</b>	<b>2.185.076</b>
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga						
<i>Balance on current account</i>	-95.675	-76.453	-60.429	124.704	89.902	134.776
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	63.865	36.446	12.031	7.826	-10.300	-35.508
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	101.359	98.957	94.178	142.337	134.642	190.687
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó						
<i>Balance on primary income from abroad</i>	-260.898	-211.856	-166.638	-25.459	-34.440	-20.403

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2010–2015**

Table 2. Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2010–2015

Raunbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup>						
<i>Volume changes on previous year, %<sup>1</sup></i>	2010	2011	2012	2013	2014 <sup>2</sup>	2015 <sup>2</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	-0,3	2,5	2,1	1,0	3,0	4,8
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	-3,7	-0,1	-1,8	1,0	1,7	1,1
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-8,6	11,6	5,3	2,2	16,0	18,6
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>-2,5</b>	<b>3,5</b>	<b>1,6</b>	<b>0,7</b>	<b>5,3</b>	<b>6,3</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	1,0	3,4	3,6	6,7	3,1	8,2
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-4,4	2,7	3,4	3,7	1,7	3,2
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	8,5	4,4	3,8	10,6	4,7	13,7
7. Frádráttur: Innflutningur alls						
<i>Less: Imports of goods and services</i>	4,4	6,8	4,6	0,1	9,8	13,5
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	2,9	6,8	2,3	-0,3	9,3	18,7
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	7,0	6,7	8,7	0,8	10,5	5,2
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>-3,6</b>	<b>2,0</b>	<b>1,2</b>	<b>4,4</b>	<b>2,0</b>	<b>4,0</b>
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>1,1</b>	<b>4,8</b>	<b>2,9</b>	<b>12,4</b>	<b>3,4</b>	<b>8,7</b>

<sup>1</sup> Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. Volume changes are based on annual chain linking.<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 3. Einkaneysla 1990–2015**

Table 3. Household final consumption expenditure 1990–2015

	1990	1995	2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2015 <sup>1</sup>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices</b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	174.595	187.062	198.058	209.246
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	34.799	36.602	37.316	39.284
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	204.314	211.796	229.484	248.402
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	61.885	68.288	70.894	72.868
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	27.735	29.276	30.772	31.985
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	161.980	167.891	179.202	192.929
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	105.645	111.623	125.289	137.369
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	77.927	91.100	105.058	125.523
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	75.538	74.685	76.983	81.702
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>206.931</b>	<b>247.329</b>	<b>924.420</b>	<b>978.324</b>	<b>1.053.054</b>	<b>1.139.309</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	99.118	105.416	115.663	132.973
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-109.630	-132.747	-161.914	-210.429
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>214.920</b>	<b>254.023</b>	<b>913.907</b>	<b>950.993</b>	<b>1.006.803</b>	<b>1.061.853</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	34.474	36.866	39.838	43.917
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>222.095</b>	<b>263.290</b>	<b>948.382</b>	<b>987.859</b>	<b>1.046.641</b>	<b>1.105.770</b>
<b>Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown</b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	19,1	19,7	19,7	19,7
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	3,8	3,8	3,7	3,7
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	22,4	22,3	22,8	23,4
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,8	7,2	7,0	6,9
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	3,0	3,1	3,1	3,0
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	17,7	17,7	17,8	18,2
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	11,6	11,7	12,4	12,9
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	8,5	9,6	10,4	11,8
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	8,3	7,9	7,6	7,7
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>96,3</b>	<b>97,4</b>	<b>101,2</b>	<b>102,9</b>	<b>104,6</b>	<b>107,3</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	10,8	11,1	11,5	12,5
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-12,0	-14,0	-16,1	-19,8
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,8	3,9	4,0	4,1
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>103,3</b>	<b>103,6</b>	<b>103,8</b>	<b>103,9</b>	<b>104,0</b>	<b>104,1</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 4. Fjármunamyndun 2013–2015**  
 Table 4. Gross fixed capital formation 2013–2015

	Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices			Magnbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> Volume changes on previous year, per cent <sup>1</sup>		
	2013	2014 <sup>2</sup>	2015 <sup>2</sup>	2013	2014 <sup>2</sup>	2015 <sup>2</sup>
<b>Fjármunamyndun alls</b> <i>Gross fixed capital formation, total</i>	<b>296.846</b>	<b>345.759</b>	<b>420.898</b>	<b>2,2</b>	<b>16,0</b>	<b>18,6</b>
<b>Atvinnuvegir alls</b> <i>Business sector investment</i>	<b>192.692</b>	<b>225.990</b>	<b>299.627</b>	<b>-2,1</b>	<b>17,3</b>	<b>29,5</b>
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	9.477	10.383	10.829	22,6	9,3	1,7
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	1.730	9.335	15.813	-77,5	433,9	66,6
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	11.375	12.466	14.268	27,8	10,6	12,3
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	12.929	9.521	17.281	-47,2	-25,6	80,2
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	11.803	14.141	16.078	-0,3	18,3	11,0
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	25.882	23.801	30.018	-0,4	-8,2	22,4
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	14.719	16.759	23.939	449,0	13,8	39,1
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	10.836	12.569	16.588	14,3	16,6	29,5
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	6.096	9.574	12.453	43,5	56,6	26,1
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	4.894	5.768	15.913	11,6	19,8	167,3
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	6.768	8.641	13.713	16,6	26,9	53,6
Samgöngur <i>Transport</i>	3.820	3.318	4.806	48,9	-11,9	43,3
Fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	7.532	8.637	9.397	58,1	16,0	6,6
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation and insurance</i>	4.929	6.342	7.445	-26,4	29,6	16,4
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	2.861	18.162	24.989	-76,6	529,9	32,7
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	16.619	17.601	22.046	0,0	0,0	0,0
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	10.433	13.137	14.712	-40,3	6,8	23,4
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	11.403	7.203	8.307	21,5	23,2	8,3
Annað <i>Other n.e.c.</i>	0,0	0,0	0,0	261,8	-37,2	12,7
<b>Íbúðarhús alls</b> <i>Residential construction</i>	<b>50.826</b>	<b>58.812</b>	<b>58.361</b>	<b>10,8</b>	<b>14,8</b>	<b>-3,1</b>
<b>Starfsemi hins opinbera</b> <i>Public works and buildings</i>	<b>53.328</b>	<b>60.958</b>	<b>62.909</b>	<b>12,1</b>	<b>12,5</b>	<b>-1,1</b>
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	9.071	11.930	12.681	39,6	29,6	1,4
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	7.705	7.110	6.613	0,2	-9,1	-11,2
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	16.277	19.403	20.203	5,2	17,4	-0,4
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	20.276	22.515	23.413	13,2	9,1	0,2
<b>Atvinnuvegir alls, tegundaskipting</b> <i>Business sector investment, type of assets</i>	<b>192.692</b>	<b>225.990</b>	<b>299.627</b>	<b>-2,1</b>	<b>17,3</b>	<b>29,5</b>
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	5.725	6.786	10.314	12,8	19,3	56,2
Skip og skipsbúnaður, flugvélar o.fl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	9.550	18.389	33.565	0,0	0,0	0,0
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	26.117	28.659	36.590	-69,4	94,6	78,6
Skrifstofuáhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	34.621	37.000	39.778	0,0	0,0	0,0
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Machinery tools for quarrying and construction</i>	26.168	29.902	44.156	-17,2	11,6	26,9
Mannvirki <i>Construction</i>	63.840	74.928	104.818	33,1	8,6	4,9
þar af byggingar <i>thereof buildings</i>	32.099	48.954	70.177	0,0	0,0	0,0
Annað <i>Other n.e.c.</i>	26.671	30.326	30.406	31,6	16,0	46,1
				20,9	16,1	34,3
				20,6	50,2	37,1
				-0,5	10,0	-2,5

<sup>1</sup> Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2010–2015**

Table 5. Cost components of Gross Domestic Product 2010–2015

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2010	2011	2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2015 <sup>1</sup>
<b>1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product</b>	<b>1.618.101</b>	<b>1.700.507</b>	<b>1.777.200</b>	<b>1.889.136</b>	<b>2.003.638</b>	<b>2.205.479</b>
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	180.991	193.381	209.806	216.780	229.773	248.926
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	14.051	15.037	15.764	13.833	14.054	14.028
<b>4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)</b>						
<i>Value added, basic prices (4.=1.-2.+3.)</i>	<b>1.451.161</b>	<b>1.522.163</b>	<b>1.583.158</b>	<b>1.686.190</b>	<b>1.787.919</b>	<b>1.970.581</b>
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	39.696	39.886	45.145	50.411	84.741	91.805
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	13.438	13.964	14.494	16.897	15.094	15.066
<b>7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)</b>						
<i>Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)</i>	<b>1.424.904</b>	<b>1.496.241</b>	<b>1.552.507</b>	<b>1.652.675</b>	<b>1.718.272</b>	<b>1.893.842</b>
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	778.250	854.793	910.262	988.213	1.057.574	1.153.814
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
<i>Operating surplus, gross (9.=7.-8.)</i>	646.654	641.448	642.244	664.462	660.697	740.028
9.1 Bókfærðar afskriftir						
<i>Consumption of fixed capital (business acc.)</i>	249.644	247.995	253.730	288.349	280.293	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur <i>Operating surplus, net</i>	397.009	393.453	388.515	376.114	380.404	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2011–2015**

Table 6. Gross Domestic Product by industries, volume indices 2011–2015

Magnvísitölur, 2005=100 Volume indices, 2005=100	2011	2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2015 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar Agriculture, forestry and fishing	92,7	100,2	102,4	106,8	113,9
Þar af fiskveiðar There of fishing	84,1	91,2	92,9	97,0	104,2
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs					
<i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	125,2	129,1	143,5	146,5	156,5
F. Byggingarstarfsemi Construction	50,9	51,6	56,4	60,9	67,2
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða					
<i>Wholesale &amp; retail trade; transportation; accommod. and food service</i>	105,4	110,6	117,8	125,1	137,7
J. Upplýsingar og fjarskipti Information and communication	105,4	112,2	122,8	128,8	130,8
K. Fjármála- og váttryggingarstarfsemi Financial and insurance activities	176,8	145,1	118,3	104,8	92,9
L. Fasteignaviðskipti Real estate activities	131,5	133,4	135,9	136,5	137,6
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta Other service activities	95,6	97,0	102,6	105,4	111,8
O.–Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta					
<i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	96,7	95,2	96,2	97,8	100,4
R.–U. Önnur starfsemi Other activities	106,8	107,4	114,3	122,0	125,2
<b>Allar atvinnugreinar Total industries</b>	<b>110,0</b>	<b>111,2</b>	<b>115,3</b>	<b>117,9</b>	<b>123,1</b>
Breyting frá fyrra ári, %					
<i>Percentage change from previous year, %</i>	1,8	1,1	3,6	2,3	4,3
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %					
<i>Memorandum: Change according to expenditure approach, %</i>	2,0	1,2	4,4	2,0	4,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2011–2015**Table 7. *Gross Domestic Product by industries, percentage breakdown 2011–2015*

Hlutfallsleg skipting <i>Percentage breakdown</i>	2011	2012	2013	2014 <sup>1</sup>	2015 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishing</i>	7,6	7,7	6,9	6,2	6,4
Þar af fiskveiðar <i>There of fishing</i>	6,4	6,4	5,5	4,8	5,0
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs <i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	20,7	19,4	19,0	17,8	18,3
F. Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	4,3	4,7	4,9	5,5	5,9
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða <i>Wholesale &amp; retail trade; transportation; accommod. and food service</i>	17,0	16,6	17,3	17,9	19,0
J. Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	4,4	4,2	4,9	4,7	4,6
K. Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	7,6	8,6	7,4	7,8	6,7
L. Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	10,2	9,6	9,8	10,0	9,8
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta <i>Other service activities</i>	7,1	7,1	7,3	7,6	7,8
O.–Q. Opinber stjórnisýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	18,6	19,0	19,3	19,6	19,4
R.–U. Önnur starfsemi <i>Other activities</i>	3,1	2,9	3,0	3,0	3,0
<b>Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi  
Statistical Series

101. árg. • 4. tbl.  
ISSN 1670-4770

Þjóðhagsreikningar  
**National accounts**

10. mars 2016

Umsjón *Supervision* Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir • gudrun.jonsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*